

Heilbrigði dýra / matvælaöryggi

Framkvæmdastjórnin hefur sett breytingareglugerð sem varðar verkun vamba og fóta á jórtur- og klaufdýrum.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R1137&from=EN>

Heilbrigði dýra / matvælaöryggi

Framkvæmdastjórnin hefur sett breytingareglugerð sem varðar forvarnir, eftirlit og upprætingu tiltekinna príon-sjúkdóma (TSE).

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R1148&from=EN>

Fóður

Framkvæmdastjórnin hefur sett framkvæmdareglugerð sem heimilar notkun inositols sem fódurbætis í fisk- og skelfiskeldi.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R1249&from=EN>

Hættuleg efni

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1136/2014 breytir reglugerð nr. 283/2013 um millibilsráðstafanir sem gerðar eru vegna tiltekinna ferla varðandi plöntuverndarvörur.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R1136&rid=1>

Bókun 21

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2014/104 setur reglur um tjonabætur skv. landslögum fyrir brot á samkeppnislögum aðildarríkjanna og Evrópusambandsins.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0104&rid=1>

Fjarskiptaþjónusta

Framkvæmdaákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. október 2014 breytir ákvörðun 2007/131 á þann hátt að leyfa með samræmdum hætti notkun fjarskiptatíðnirófs fyrir útbúnað sem nota ofurbreiðbandstækni.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014D0702&rid=2>

Flutningar

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1161/2014 breytir og aðlagar reglugerð ráðsins nr. 3821/85 að tækniframförum á sviði upptökubúnaðar sem notaður er við flutninga á vegum.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R1161&rid=1>

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2014/100 breytir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/59 og kemur á fót eftirlits- og upplýsingakerfi sambandsins um skipaumferð.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0100&rid=1>

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2014/94 fjallar um útbreiðslu innviða fyrir óhefðbundið eldsneyti. Markmið reglugerðarinnar er að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis í flutningastarfsemi og minnka umhverfisáhrif. Í tilskipuninni eru settar fram lágmarkskröfur fyrir innviði, m.a. hleðslustöðvar fyrir ökutæki sem nota rafmagn eða fljótandi gas.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0094&rid=1>

Félagaréttur

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2014/95 breytir tilskipun 2013/34 varðandi skyldu stórra fyrirtækja og samsteypa (yfir 500 starfsmenn) til að opinbera tilteknar upplýsingar. Upplýsingaskyldan á m.a. við um stefnu og árangur fyrirtækjanna á sviði umhverfismála,

starfsmanna- og samfélagsmál, mannréttindi, ráðstafanir gegn spillingu og mútum og um samsetningu stjórnar.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0095&rid=1>

Umhverfismál

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2014/101 breytir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2000/60 og kemur á fót aðgerðaramma fyrir sambandið þegar kemur að stefnu í vatnsmálum.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0101&rid=1>

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2014/746 ákvarðar, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/87, lista yfir geira og undirgeira sem eiga á hættu að verða fyrir áhrifum af kolefnisleka á tímabilinu 2015-2019.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014D0746&rid=1>

Framkvæmdaákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2014/806 samþykkir Webasto sólarþak til hleðslu rafhlaða sem nýsköpunartækni sem dragi úr útblæstri koltvísýrings frá farþegabifreiðum, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 443/2009/EB.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014D0806&rid=1>

Hagskýrslur

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1175/2014 hrindir í framkvæmd reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 452/2008 um vinnslu og þróun tölfraði um menntun og símenntun, hvað varðar tölfraði um þátttöku fullorðinna í símenntun. Reglugerðin fellir jafnframt úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 823/2010.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R1175&rid=1>

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1196/2014 hrindir í framkvæmd reglugerð nr. 808/2004 varðandi tölfraði um upplýsingasamfélagið.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R1196&rid=1>

Bókun 31

Framkvæmdaákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2014/62 setur reglur um framkvæmd ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1313/2013 um almannavarnakerfi Sambandsins. Ákvörðunin fellir úr gildi ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar nr. 2004/277 og 2007/606.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014D0762&rid=1>